

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu, blátunnu og græntunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>	<i>Græntunna</i>
240 l ílát	17.364 kr.	7.532 kr.	7.532 kr.
660 l ílát	50.104 kr.	23.054 kr.	23.054 kr.
1.100 l ílát	82.343 kr.	37.265 kr.	37.265 kr.
3.000 l ílát	151.624 kr.		
8.000 l ílát	211.877 kr.		

Grátunna: losun á 14 daga fresti.

Blátunna: losun á 42 daga fresti.

Græntunna: losun á 42 daga fresti.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	21.000 kr.
Frístundahúsnæði	15.403 kr.
Lögbýli	10.269 kr.
Fyrirtæki	23.698 kr.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldfrjálst verður á gámostöð fyrir allt að 3 m³ vikulega. Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ er kr. 5.000.

5. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð verði aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 23. nóvember 2016 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 5. desember 2016. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1132/2015 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 9. desember 2016.

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2016